



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Fjármála- og efnahagsráðuneyti
Lindargötu Arnarhvoli
101 Reykjavík

Reykjavík 4. október 2023

2310005SA VRB
Málalykill: 00.64

Efni: Umsögn um áform um breytingu á ýmsum lögum um skatta og gjöld, S-172/2023.

Vísað er til tilkynningar í samráðsgátt stjórnvalda, dags. 25. september sl., þar sem óskað er eftir umsögnum um áform um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum um skatt og gjöld. Fyrirhugaðar breytingar varða m.a. ákvæði um gistináttaskatt, virðisaukaskatt, samtímabarnabætur, upplýsingaheimildir Skattsins, áfengisgjald, aukatekjur ríkissjóðs o.fl.

Í tengslum við fyrirhugaðar breytingar á gistináttaskatti bendir sambandið á að í núgildandi stefnumörkum sambandsins segir: „Tryggja þarf að tekjur af gistináttaskatti renni til sveitarfélaga.“

Þar að auki hafa í stjórnarsáttmálum síðustu tveggja ríkisstjórna komið fram áform um að gistináttaskattur verði færður til sveitarfélaga en í núgildandi stjórnarsáttmála segir: „Unnið verður að breytingum á fyrirkomulagi gistináttagjalds í samvinnu við greinina og sveitarfélögin með það að markmiði að sveitarfélögin njóti góðs af gjaldtökunni.“

Meðal Covid aðgerða ríkisstjórnarinnar var að fella gistináttaskatt tímabundið niður. Í fyrirliggjandi fjárlagafrumvarpi er endurkoma skattsins boðuð strax á næsta ári. Ekkert samráð hefur hins vegar verið haft við sveitarfélögin, hvorki um endurkomu skattsins samkvæmt fjárlagafrumvarpinu né þær hugmyndir sem reifaðar eru í fyrirliggjandi áformaskjali. Það er því alls óljóst hvernig ríkisstjórnin hyggst efna fyrirætlanir um að sveitarfélögin njóti góðs af gjaldtökunni.

Með vísan til framangreinds óskar sambandið eftir fundi með fjármála- og efnahagsráðuneytinu til að ræða fyrirhugaða breytingu.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Valgerður Rún Ben.

Valgerður Rún Benediktsdóttir
sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs